

Titill: Yfirborðsmerkingar

Höfundur: Ásbjörn Ólafsson, Þjónustudeild Vegagerðarinnar

Umfang og kostnaður yfirborðsmerkinga vex ár frá ári og mikilvægt er að þau efni sem notuð eru hérlendis endist vel við íslenskar aðstæður og einnig að verktakar hafi val um efni.

Vegagerðin hefur fylgst með því sem Norðurlandapjódírnar eru að gera og stofnað til prófunarverkefna á nokkurra ára fresti.

Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður úr prófunarverkefni sem stóð í 2 ár frá sumrinu 2002. Prófaðar voru nokkrar gerðir sprautumassa og málningar, glerperlur sem gefa eiga betra endurskin í bleytu og þvottur vega.

Prófunin fór fram á vegum í nágrenni Selfoss, með mismikilli umferð, mismunandi slitlagi og misbreiðum köntum. Miðlínur og kantlínur voru merktar með hefðbundnum hætti. Línurnar voru síðan skoðaðar og endurskinsmældar öðru hvoru.

Helstu niðurstöður prófananna eru að hefðbundnar massategundir hafa mestan slitstyrk, massategundir með hátt glerinnihald gætu þó hentað á kantlínu, blandaðar perlur í kantlínu nálega tvöfalda endurskin í bleytu á fyrsta ári og þvottur undir merkingar virðist ekki hafa áhrif á endingu.